



Námsgrein: Heimilisfræði

Kennsluaðferðir og skipulag:

Nemendur í 2. bekk fá tvær lotur í heimilisfræði, eina á haustönn og aðra á vorönn. Þrjár til fjórar vikur í senn, 60 mínútur í hvert skipti tvisvar sinnum í viku. Að vori er unnið þemaverkefni í samstarfi við umsjónarkennara út frá bókinni um *Blómin á þakinu*. Verkefni hvarrar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvarrar lotu. Lagt er upp með að nemendum líði vel í eldhúsinu og séu öruggir í verkefnum.

Fyrstu skrefin í list- og verkgreinum eru að kynnst greinastofunum, áhöldum og tækjum sem þeim fylgja og reglum sem þar eru í gildi. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni og fylgi fyrirmælum kennara.

Námsgögn: *Heimilisfræði 2*, námsgögn frá kennara, af vef og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan, á einfaldan hátt. Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir. Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi. Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald.	Umræður Sýnikennsla Verkleg kennsla Bókleg vinna	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda í Mentor.